

16

5. febr.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum,
nr. 233 30. des. 1952.

1. gr.

C-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Í hvert sinn, sem skip, sem flytur vörur og er yfir 100 smálestir að stærð, kemur í höfn til losunar eða lestunar, skal það greiða fastagjald kr. 50.00 og auk þess kr. 0.05 af hverri smálest, sem losuð er úr því eða lestuð í það.

Af losun og lestun vöruflutningaskips, sem er minna en 100 smálestir að stærð, og af losun og lestun fiskiskipa greiðist ekki gjald.

2. gr.

Nýr liður bætist við 1. gr. gjaldskrárinnar, svo hljóðandi:

I. Gasmæling kerja og geyma.

Fyrir hverja gasmælingu kers eða geymis í landi greiðist kr. 75.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 75.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 25.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarúms eða dælurúms greiðist ekki gjald sérstaklega, ef mæling í þeim er framkvæmd samhliða mælingu í geymum, að öðrum kosti greiðist kr. 25.00 af hverju rúmi, sem mælt er.

Sé gasmæling framkvæmd að nóttu eða á helgidegi samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem mælinguna framkvæmir, kr. 200.00 aukalega vegna nætur- eða helgidagavinnu.

3. gr.

2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Þó skoðun fari fram oft en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi auka eftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir öryggiseftirlit ríkisins.

4. gr.

Ný grein, sem verður 3. gr., komi á eftir 2. gr. gjaldskrárinnar, og greinatalan breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt að hækka gjöldin um allt að 25%.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 45. gr. laga nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.